



LANDLÆKNISEMBÆTTIÐ

TALNABRUNNUR

Fréttabréf landlæknis um heilbrigðistölfraði

4. árg. 3. tölublað. Mars 2010.

EFNI:

Biðlistar vegna skurðaðgerða á sjúkrahúsum í febrúar 2010 **bls. 1**

Fæðingar á Íslandi árið 2009 **bls. 2**

Ritstjórn

Sigríður Haraldsdóttir sviðsstjóri, ábm.

Anna Björg Aradóttir
Matthías Halldórsson
Svanhildur Þorsteinsdóttir

Ritstjóri
Jónína M. Guðnadóttir

LANDLÆKNISEMBÆTTIÐ HEILBRIGÐISTÖLFRÆÐISVIÐ

Austurströnd 5
170 Seltjarnarnes
Sími: 510 1900
Bréfasími: 510 1919

Netfang: mottaka@landlaeknir.is
Veffang: www.landlaeknir.is

Heimilt er að nota efni þessa fréttabréfs, sé heimildir getið.

BIÐLISTAR VEGNA SKURÐAÐGERÐA Á SJÚKRAHÚSUM Í FEBRÚAR 2010

Landlæknisembættið birti nýlega tölur á vefsetri sínu um bið eftir völdum aðgerðum á sjúkrahúsum og tilteknum læknastofum. Staða á biðlistum er könnuð þrisvar ári á vegum Landlæknisembættisins og liggja nú fyrir samantalsarhæfar tölur um þróun biðlista á árunum 2007–2010. Talað er um biðlista, hafi einstaklingur beðið lengur en þrjá mánuði eftir tiltekinni skurðaðgerð eða rannsókn.

Vegna árstíðasveiflna er eðlilegast að bera saman stöðu mála í sama mánuði ár hvert. Þegar staða á biðlistum í febrúar 2010 er borin saman við stöðu á biðlistum í febrúar árin áður, sést að biðlistar hafa verið að styttest fyrir nær allar skurðaðgerðir. Bið er ennþá eftir gerviliða-aðgerðum, sér í lagi eftir gerviliða-aðgerðum á hné, þrátt fyrir umtalsverða aukningu á slíkum skurðaðgerðum undanfarin ár. Nú bíða 247 einstaklingar eftir gerviliðaaðgerð á hné en voru 174 á sama tíma í fyrra. Athygli vekur að mun fleiri konur en karlar bíða að jafnaði eftir slíkri aðgerð.

Fjöldi einstaklinga á biðlista vegna aðgerða á augasteini er mun minni nú en verið hefur og bíða nú 558 eftir slíkri aðgerð en voru 1224 á sama tíma í fyrra. Þar munar mestu um fækkun á biðlistum á Landspítala og St. Jósefsspítala-Sólvangi. Áætlaður biðtími eftir aðgerð á augasteini á Landspítala er nú um 19 vikur en var 43 vikur á sama tíma í fyrra. Síðustu tvö ár hefur verið viðvarandi biðlisti eftir slíkum aðgerðum og hafa rúmlega þúsund einstaklingar verið skráðir á þann biðlista að jafnaði. Heilbrigðisyfirvöld hafa gert ráðstafanir til að stytta þennan biðlista, meðal annars með því

að gera tímabundna verksamninga við læknastofurnar Sjónlag og LaserSjón um aðgerðir á augasteinum. Aðgerðum á augasteinum fjölgaði því umtalsvert milli árunum 2007 og 2009. Styttri biðlisti nú er vegna fjölgunar aðgerða, en einnig er hugsanlegt að eftirspurn hafi minnkað eftir þeim þar sem greiðsluþátttaka sjúklinga í þess konar aðgerðum er umtalsverð.


Verulegur árangur hefur náðst á síðustu árum í að stytta biðlista vegna hjartapræðinga á Landspítala, en sá biðlisti var langur á árunum 2007 og 2008 (sjá mynd 1).

Biðlisti vegna brjóstaminnkunaraðgerða hefur verið að styttest. Nú bíða 84 konur eftir slíkri aðgerð samanborið við 134 á sama tíma í fyrra. Vegna umræðu um bið eftir aðgerð til uppbyggingar á brjóstum eftir krabbameinsaðgerð skal þess getið að upplýsingum um þann biðlista hefur ekki verið safnað fram að þessu. Slíkar aðgerðir eru nú mun algengari en áður var og því verða biðlistatölur birtar í næstu úttekt biðlista í júní.

Biðtími eftir öðrum aðgerðum er viðunandi og má nefna að engin bið er eftir almennum skurðaðgerðum, svo sem gallsteina- og kviðslitsaðgerðum.

(Framhald bls. 2)

Þróun biðlista fyrir hjartapræðingar á Landspítala, febrúar 2008, 2009 og 2010.



Verulegur árangur hefur náðst á síðustu árum í að stytta biðlista vegna hjartapræðinga á Landspítala.

Innköllun, úrvinnsla og birting upplýsinga

Innköllun og úrvinnsla biðlistaupplýsinga fer fram þrisvar á ári, í febrúar, júní og október, og hefur það fyrirkomulag verið frá árinu 2007. Er þessi gagnasöfnun hluti af lögbundnu eftirlitshlutverki landlæknis, sbr. lög um landlækni nr. 41/2007.

Upplýsingar um biðlista eru birtar reglulega á vef Landlæknisembættisins. Þar er m.a. útskýrt að upplýsingar um áætlaðan biðtíma séu til leiðbeiningar og að sjúklingar og að-

standendur þeirra þurfi ætíð að snúa sér til eigin læknis eða starfsfólks sjúkrahúss til þess að fá nánari upplýsingar um áætlaðan biðtíma eftir því sem við á. Samhliða biðlistaupplýsingum eru birtar upplýsingar um fjölda aðgerða fyrir ákveðin tímabil, sem endurspeglar afköst í heilbrigðisþjónustunni.

Ágústa Benný Herbertsdóttir

FÆÐINGAR Á ÍSLANDI ÁRIÐ 2009

Á vef Landlæknisembættisins voru nýlega birtar uppfærðar tölur um fæðingar á Íslandi árið 2009. Tölurnar, sem byggja á gögnum úr Fæðingaskrá, sýna að árið 2009 fæddust 5014 börn, þar af 4993 lifandi, í 4939 fæðingum. Nokkur fjölgun hefur orðið á fæðingum í landinu en þrátt fyrir það hefur fjöldi fæðinga á hverjar 100 konur á barneignaraldri ekki aukist, eins og sjá má á meðfylgjandi töflu.

Flestar fæðingar voru á Landspítala, eða um 70%, en næstflestar á Sjúkrahúsinu á Akureyri, um 10% fæðinga.

Heimafæðingar voru 89. Síðustu tíu árin hefur heimafæðingum fjölgað nokkuð og nú er svo komið að hlutfall heimafæðinga er 1,8% af heildarfjölda fæðinga, en árið 1999 var hlutfallið aðeins 0,4%. Fjöldi heimafæðinga og þróun þeirra má sjá í [nýútgefinni töflu](#) á vef Landlæknisembættisins. Fleiri tölur um fæðingar má skoða á vefsíðunni [tölur um fæðingar](#).

Lilja Bjarklind Kjartansdóttir

Hlutfall heimafæðinga er nú 1,8% af heildarfjölda fæðinga en var aðeins 0,4% árið 1999.

Fæðingar á Íslandi og fæðingartíðni 1995–2009

Ár	Fjöldi fæðinga ¹	Börn alls ²	Fjöldi kvenna 15-44 ára	Fæðingartíðni á 100 konur
1995	4227	4298	60654	14,1
1996	4292	4337	60785	14,0
1997	4091	4164	60932	14,6
1998	4143	4212	61433	14,6
1999	4054	4120	62008	15,1
2000	4269	4330	62555	14,4
2001	4043	4100	63009	15,4
2002	3977	4058	62954	15,5
2003	4079	4152	62748	15,1
2004	4187	4243	62854	14,8
2005	4241	4295	63235	14,7
2006	4344	4421	64391	14,6
2007	4498	4564	65432	14,3
2008	4783	4846	67294	13,9
2009	4939	4993	67316	13,5

Skýringar: 1) Allar fæðingar á Íslandi, óháð því hvort konan á lögheimili á Íslandi eða ekki þegar fæðing á sér stað. 2) Lifandi fæddir.